



NÁTTÚRUSVÆÐI Í GARÐABÆ

– Starfsárið 2017

Apríl 2018
Linda Björk Jóhannsdóttir
verkefnastjóri í garðyrkjudeild



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Friðland Vífilsstaðavatns	4
Útikennsla	6
Slæm umgengni við Vífilsstaðavatn og nágrenni	7
Friðlandið Gálgahraun	9
Endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn	10
Endurheimt votlendis í landi Bessastaða	14
Endurheimt votlendis við Urriðavatn	15
Útivistarstígur við Urriðavatn	20
Útivistarstígar - viðhald	22
Sumarheit við Vífilsstaði	23
Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár	25
Strandsvæði	25
Hreinsun bæjarlandsins	26
Árlegt hreinsunaráttak með þátttöku íbúa	26
Ágengar tegundir	27
Lúpína	27
Kerfill	28
Bjarnarkló	28
Njóli	29
Grófsláttur	29
Fuglaskoðun nemenda Álftanesskóla	29
Fuglaskoðun við Kasthúsatjörn	29
Haustgróðursetningar grunnskólanema – Yrkjugróðursetningar	30
Bali - útivistarsvæði fyrir hunda	31
Lokaorð	32
Viðauki	33
Ýmis verkefni	33
Færslur úr dagbók: Skráð af Ástu Leifsdóttur, landverði og starfsmanni í garðyrkjudeild.	35
Yfirlitskort - friðlýst svæði í Garðabæ	39

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um starfsemi á náttúrusvæðum Garðabæjar starfsárið 2017 og fram á árið 2018. Nánar tiltekið á friðlýstum svæðum og svæðum utan byggðar, umsjón þeirra, uppbyggingu og viðhaldi. Garðabær stendur framarlega þegar kemur að náttúruvernd friðlýstra svæða ef miðað er við nágretta sveitarfélög varðandi friðlýsingar náttúrusvæða. Friðlýst svæði í Garðabæ eru samtals 519 hektarar. Eins og fram kemur í skýrslunni er að mörgu að huga og þarf stöðuga árvekni og viðbrögð þannig að svæðin séu sveitarfélaginu til sóma. Skýrslan er hvorki fræðileg né tæmandi en gefur greinargóða mynd af þeim fjölmörgu verkefnum sem Garðabær stendur að á náttúrusvæðum sínum.

Við starfslok Erlu Biljar Bjarnardóttur umhverfisstjóra, sem lét af störfum vegna aldurs, tók höfundur skýrslu að sér umsjón með náttúrusvæðum í bæjarlandinu í byrjun árs 2017 og er jafnframt starfandi verkefnastjóri hjá garðyrkjudeild Garðabæjar ásamt því að sitja umhverfisnefndarfundi.


Helstu samstarfsaðilar eru Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkfræðingur á tækni- og umhverfisviði og starfsmaður umhverfisnefndar Garðabæjar. Smári Guðmundsson, garðyrkjustjóri hefur umsjón með því sem snýr að garðyrkju, sér um uppbyggingu, hirðingu og viðhald grænna svæða bæjarins, auk stofnanalóða. Hann sér vinnuskóla fyrir verkefnum og fer með umsjón og rekstur skólagarða. Þórir Sigursteinsson, smiður í garðyrkjudeild stýrir og annast smíðavinnu, viðhaldi á tréverki og uppbyggingu á stofnanalóðum og einnig á náttúrusvæðum bæjarins.

Gott samstarf er með starfsfólki garðyrkjudeildar og þjónustumiðstöðvar sem annast umbeðin verkefni. Nánasti starfsmaður með náttúrusvæðunum er Ásta Leifsdóttir starfsmaður garðyrkjudeildar sem sinnir að auki landvörslu, ásamt Gissuri Hrafni Gíslasyni yfirflokkstjóra umhverfishópa yfir sumarið.

Hér í framhaldi er fjallað um helstu verkefni á náttúrusvæðunum sem eru mörg og víðfeðm í Garðabæ og fjallað um það helsta sem gert var á árinu 2017 og fram á árið 2018. Höfundur skýrslu hefur einnig umsjón með útikennslu grunnskóla í Garðabæ varðandi lífríki Vífilsstaðavatns, fuglaskoðun nemenda Álftanesskóla, gróðursetningar birkiplantna úr Yrkjusjóði, hreinsunarátaki bæjarins og stemma stigu við útbreiðslu ágengra plöntutegunda í bæjarlandinu. Þessi verkefni þarf að undirbúa og sjá um framkvæmd þeirra.

Það er umhverfisnefnd Garðabæjar sem hefur umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum innan sveitarfélagsins og starfar hún í umboði bæjarstjórnar að umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Friðland Vífilsstaðavatns



Græn lína sýnir friðlandsmörk. Loftmynd tekin af vef UST.

Vífilsstaðavatn og nágrenni var friðlýst sem friðland árið 2007. Stærð friðlandsins er 188,3 hektarar. Umhverfisstofnun og Garðabær gerðu með sér samning um umsjón og rekstur friðlandsins. Umhverfisnefnd hefur umsjón með Vífilsstaðavatni. Markmiðið með friðlýsingunni er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og nánasta umhverfi ásamt því að auka útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

Eftirlit á friðlandi Vífilsstaðavatns er í höndum skýrsluhöfundar ásamt yfirumsjón umhirðu og með þeim verkefnum sem tengjast friðlandinu eins og veiðieftirlit, að framfylgja hundabanni og ritun dagbókar í samvinnu við Ástu Leifsdóttur, landvörð og starfsmann garðyrkjudeildar. Einnig að svara fyrirspurnum sem tengjast friðlandinu.

Við eftirlit og umsjón á friðlandi Vífilsstaðavatns er mikil áhersla lögð á að halda svæðinu snyrtilegu þar sem svæðið er vinsælt til útivistar og aðsókn mikil allt árið um kring. Íbúar eru duglegir að tilkynna það sem betur má fara í friðlandinu.

Á sumrin er veiðieftirliti sinnt á veiðitímabilinu 1. apríl - 15. september. Veiðileyfi eru seld með veiðikortinu (www.veidikortid.is) og þeir sem eru að veiða eru beðnir um að framvísa kortinu við veiðieftirlit. Einnig er hægt að kaupa dagsleyfi á bæjarskrifstofu og hjá veiðivörðum við vatnið. Ásta sinnir landvörslu með friðlandinu allan ársins hring og sér um að halda svæðinu hreinu ásamt öðrum verkefnum í garðyrkjudeild. Veiðieftirliti yfir



Verndunarsvæði flórgoðans. Loftmynd tekin af vef google.com/maps

sumarið er sinnt af Gissuri Hrafní Gíslasyni sumarráðnum yfirflokkestjóra umhverfishópa í samstarfi við Ástu Leifsdóttur. Því miður er umgengni fólks ekki alltaf til sóma og nokkuð um að það losi sig við allskonar rusl inn á og í nágrenni við friðlandið. Því þarf stöðuga árvekni og eftirlit þannig að allir gestir geti notið friðlandsins sem best. Það eru ekki einungis íbúar Garðabæjar sem sækja í friðlandið heldur eru áberandi nágrennar vatnsins frá Kópavogi.

Hundabann á varptíma í friðlandinu er algjört á tímabilinu 15. apríl til 1. júlí. Hundabannsskilti eru víða, sem upplýsa hundaeigendur sem nýta friðlandið. Utan þess tíma verða hundar að vera í taumi. Landvörður þarf iðulega að hafa afskipti af hundaeigendum sem virða ekki hundabannið og leyfa jafnvel hundum sínum að vera lausum þegar algjört hundabann ríkir.

Fuglalíf í friðlandinu er fjölskrúðugt þar sem töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það. Fuglategundir sem sjást helst yfir sumartímanna eru skúf- og toppendur, kríur, álftrir og flórgoðar sem hafa mikið aðdráttarafl fyrir fuglaáhugafólk. Sumarið 2017 voru tvö tilbúin hreiðurstæði sett út fyrir flórgoðann á Vífilsstaðavatni. Við norðausturbakkann og við norðurbakkann var nýjum greinabúntum bætt ofan á gömlu manngerðu hreiðurstæðin frá árinu 2016.



Gissur að útbúa hreiðurstæði fyrir flórgoða.



Ásta og Gissur að koma hreiðurstæðum fyrir á Vífilsstaðavatni.

Eitt flórgoðapar nýtti sér hreiðurstæðið við norðurbakkann og varð fyrst vart við að ungar væru komnir í hreiðrið 9. ágúst, þegar þrír ungar sáuust fela sig á baki kvenfuglsins sem lá í hreiðrinu. Sjá skýrslu fuglafræðinga *Vötn og tjarnir í Garðabæ 2017* á vef Garðabæjar.

Landvörður tók eftir því 13. -14. ágúst að sá válegi atburður hafði gerst að ungarnir voru horfnir og sáuust ekki aftur. Foreldraparið hélt til við hreiðurstæðið næstu daga en sáuust svo á öðrum stöðum á vatninu. Aðrir fuglar á vatninu nýttu sér hreiðurstæðið sem hvíldarstað, sem er eitthvað sem flórgoðinn myndi aldrei leyfa ef hann væri með unga nálægt. Þetta vita umsjónaraðilar eftir að hafa fylgst með flórgoðanum við vatnið, en þeir eru mjög frekir á umhverfi sitt og hleypa engum öðrum fuglum nálægt hreiðrum sínum, síst öðrum flórgoðum. Flórgoðapar sást við hreiðurstæðið í enda ágúst en engir ungar voru sjáanlegir. Ekki er vitað hvað varð um ungana.



Flórgoðar í hreiðurstæði.



Álftir og aðrir fuglar við hreiðurstæðið eftir að flórgoðaungarnir hurfu.

Dagbók er haldin um það sem gerist í friðlandinu, þá m.a. til að fylgjast með flórgoðanum. Árið 2017 hélt Ásta Leifsdóttir, landvörður heilsárs dagbók um það sem fram fór í friðlandinu (sjá færslur úr dagbók í viðauka).

Útikennsla

Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur undanfarin ár boðið nemendum í 6. bekk í grunnskólum bæjarins upp á útikennslu um lífríki og umhverfi Vífilsstaðavatns með leiðsögn Bjarna Jónssonar fiskifræðings. Útikennslan fer yfirleitt fram í september eða í byrjun október eftir því hvernig viðrar til útikennslu. Höfundur skýrslu hefur yfirumsjón með verkefningu, samræmir dagsetningar við vatnið í samstarfi við skólastjórnendur, skaffar áhöld til útikennslunnar í samráði við fiskifræðinginn og útvegar starfsfólk úr garðyrkjudeild til aðstoðar við vatnið.



Nemendur koma hjólandi í útikennsluna.



Bjarni fræðir nemendur um uppgötvun og merkilegar rannsóknir á hinum sérstöku kviðgaddalausum hornsílum Vífilsstaðavatns.



Bjarni og nemendur hjálpast að við að losa fiskinn úr netinu. Nemendur taka fiskinn með sér í skólann þar sem fiskurinn er krufinn og rannsakaður með aðstoð kennara.



Bjarni sýnir hvernig kryfja á fisk og fræðir um leið nemendur um aldurs- og kyngreiningu, líffræði, lífeðlisfræði og persónuleika fiska.



Bjarni aðstoðar nemendur við fanga fisk úr Vífilsstaðalæk til að rannsaka nánar.



Nemendur safna smádyrum af steinum bæði úr Vífilsstaðavatni og læk til að bera saman mismundi lífríki. Að lokinni útikennslu er farið með sýnin í skólann til nánari rannsóknar.

Slæm umgengni við Vífilsstaðavatn og nágrenni

Við Vífilsstaðavatn er oft á tíðum slæm umgengni og þarf reglulega að fylgjast með svæðinu þannig að það sé ávallt snyrtilegt.



Það þarf daglega að fylgjast með og hreinsa upp rusl við bílastæðið hjá Vífilsstaðavatni.



Rusl við bílastæði.



Skemmdarverk á skilti við vatnsveituhlið Vífilsstaðavatns.



Útigrill skilið eftir við vatnsveituhlið Vífilsstaðavatns.



Rusl sem var hreinsað upp í nágrenni Vífilsstaðavatns.



Flugeldarusl á ísilögðu Vífilsstaðavatni rétt eftir áramót.



Krot á bekk við Vífilsstaðavatn, líka algengt að krotað sé á ruslatunnur og skilti.



Rusl á bílastæði við Vífilsstaðavatn.



Hásing úr bíl skilin eftir í friðlandi bæjarins í Heiðmörk.



Steypuafgangi hellt á bílplan í Smalaholti.



Hundaskitur í friðlandi Vífilsstaðavatns.

Friðlandið Gálgahraun

Gálgahraun var friðlýst sem friðland árið 2009, alls 108 hektarar. Gálgahraun er nyrsti hluti hins víðáttumikla Búrfellshrauns. Verndargildi Gálgahrauns liggur ekki síst í því hversu ósnortið það er, þar sem hraunið er að mestu óraskað. Forsendur friðlýsingarinnar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, en í hrauninu er t.d. að finna Fógetagötu þar sem leiðin til Bessastaða lá allt fram á nítjándu öld, og Gálgakletta sem er talinn forn aftökustaður sem hraunið dregur nafn sitt af. Þegar gengið er um Gálgahraunið er athyglisvert að skoða framvindu gróðurs og hve uppgróið það er, eins áhrif af áfoki fræs t.d. birkis en einnig hafa fuglar sáð reynitjáafræjum um hraunið.



Rauður punktur, staðsetning Gálgahrauns.

Með aukinni útivist íbúa var ákall eftir gönguleið meðfram norðurströnd Gálgahrauns sem er mjög úfin og vogskorin og þar gætir sjávarfalla. Leiðin liggur nálægt strönd hraunsins að Lambhúsatjörn, með sýn á Bessastaði. Merking gönguleiðarinnar hófst síðastliðið vor þegar Erla Bil Bjarnardóttir, fyrrum umhverfisstjóri, tók að sér að merkja gönguleið eftir hrauninu, þar sem um marga gönguslóða var að velja. Leiðin er stikuð nokkuð þétt til að auðvelda göngufólki gönguna. Merkingu og hnitsetningu á strandleið um Gálgahraun lauk í enda október Gálgahraunið er ekki sjálfgefin ósnortin náttúruperla svo nærri byggð og er samspil manns og náttúru viðkvæmt þegar kemur að lagningu stíga. Ef það á að viðhalda sérstöðu Gálgahrauns sem ósnortinnar náttúru telur skýrsluhöfundur að varast beri að fara í miklar stígaframkvæmdir í hrauninu. Þeir stígar sem eru sjáanlegir á svæðinu eru fornir stígar sem er viðhaldið með stikum. Ef einhverjar framkvæmdir verða ákveðnar þá þarf að fara í þær með lágstemmdu inngripi stikaðra stíga.



Starfsmaður garðyrkjudeildar hnitsetur gönguleiðina.



Gul lína sýnir stikaða legu gönguleiðar.

Rétt er að benda göngufólki á, sem ætla að leggja leið sína um þennan hluta hraunsins, að þetta er ekki greið gönguleið og því þarf fólk að vera vel útbúið í góðum gönguskóm. Hraunið er úfið og getur verið erfitt yfirferðar og leiðin nær á nokkrum stöðum upp fyrir vikur sem gæta flóðs og fjöru. Fyrir þá sem koma akandi er tilvalið að leggja bílum sínum á malarplani nálægt hringtorgi við Hraunsvík. Gönguleiðin er stikuð með grænmáluðum hælum. Starfsfólk garðyrkjudeildar Garðabæjar hefur lokið við að hnitsetja leiðina og er stefnt að því að hún verði aðgengileg á kortavef bæjarins. Á vef bæjarins er einnig að finna upplýsingar á leiðsagnarappið Wapp en þar má finna fjölmargar gönguleiðir í Garðabæ sem má hlaða niður endurgjaldslaut. Þar á meðal er gönguleiðin Fógetastígur í Gálgahrauni. Nánari upplýsingar um Wapp-ið má sjá á vef Garðabæjar (gardabaer.is).

Endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn

Hluti Kasthúsatjarnar og umhverfi hennar á Álftanesi var friðlýst sem friðland árið 2002.

Árið 2016 hlaut umhverfisnefnd Garðabæjar styrk frá Landgræðslunni til að endurheimta votlendið í kringum tjörnina og tók Toyota einnig þátt í að styrkja verkefnið. Markmiðið með endurheimt votlendisins austan við tjörnina var að stækka verndarsvæðið, auka fjölbreytni dýralífs og gróðurfars á svæðinu, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu votlendi og færa það sem næst upprunalegu horfi.



Rauður punktur sýnir staðsetningu votlendis. map.is



Nemendur úr Álftanesskóla hófu framkvæmdirnar á táknrænan hátt eftir undirritun samninga.

Þann 31. ágúst 2016 voru undirritaðir tveir samstarfssamningar um framkvæmdir við endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn að viðstöddum nemendum Álftanesskóla, Jónu Sæmundsdóttur formanni umhverfisnefndar og öðrum gestum.

Annarsvegar samstarfssamningur á milli Garðabæjar og Landgræðslu ríkisins undirritaður af Gunnari Einarssyni bæjarstjóra fyrir hönd Garðabæjar og Árna Bragasyni landgræðslustjóra fyrir hönd Landgræðslu ríkisins, þar sem Landgræðslan veitti styrk og ráðgjöf vegna undirbúnings og framkvæmdar verkefnisins,

vöktun og mati á árangri þess. Hinsvegar samningur um fjárstyrk frá Toyota á Íslandi sem Úlfar Steindórsson forstjóri undirritaði ásamt Gunnari Einarssyni bæjarstjóra fyrir hönd Garðabæjar, þar sem um var að ræða verkefni sem er liður í opinberri sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum.

Framkvæmd við endurheimt votlendisins var unnin dagana 2. - 23. febrúar 2017. Ekki náðist að hefja framkvæmdir fyrr vegna stöðugra rigninga. Beðið var eftir heppilegum aðstæðum, s.s. langvarandi þurrkatið eða frosti í jörðu, til að auðvelda vélum aðgengi um svæðið án þess að gróðursvörður raskaðist mikið. Áhersla var lögð á að vera búin að ljúka framkvæmdinni fyrir vorkomu fugla á svæðið.

Skurðirnir á svæðinu voru fylltir af mold án grjóts, sem sótt var á moldar- og efnislager Garðabæjar við gamla Álftanesveg, um 1.500 m³. Öflug beltagrafa fletti upp gróðurtorfum á skurðbökkum, tók við efninu og sá um að fylla í skurðina sem voru samtals 675 lengdarmetrar. Að lokum var gróðurtorfum komið fyrir ofan á skurðfyllingum til að svæðið myndi gróa sem fyrst upp. Til að þurrka svæðið meðan á framkvæmdinni stóð var notuð vatnsdæla sem dældi skurðvatni fram fyrir skilrúm sem stungið var þvert á skurðina, það var svo fjarlægð að framkvæmd lokinni.

Eftirfylgni fólst í því að fá staðargróður upp á skurðstæðunum. Var það gert með slætti síðsumars á votlendisspildunum milli fyrrverandi skurða á svæðinu og heyinu dreift á fyllta skurðina.



Horft til norðurs, staðargróður við skurð næst Kasthúsatjörn. Mynd tekin í júní 2017.



Horft til vesturs yfir Kasthúsatjörn, staðargróður á milli uppfylltra skurða. Mynd tekin í júní 2017.

Fuglalíf jókst á svæðinu strax á fyrsta ári, eins og kemur fram í nýútgefinni fuglaskýrslu *Fuglar á helstu vötnum og mýrlendi í Garðabæ 2017*, sem er aðgengileg á vef Garðabæjar. Umhverfisnefnd stóð fyrir því að því að unnin var fuglaskýrsla, sem er mikilvæg vöktun á helstu vötnum og mýrlendum í bæjarlandinu og um núverandi ástand fuglalífs í Garðabæ og hvort að breytingar hafa orðið þar á frá síðustu talningu. Höfundar fuglaskýrslunnar komast vel að orði þegar þeir segja „Garðabær er með einna metnaðarfyllstu fuglavöktunina af sveitarfélögum á landinu öllu, þar sem fylgst er með fuglum á vötnum og í fjöru á reglubundinn og skipulegan hátt“.

Eftirlit með framkvæmdinni var fylgt eftir af fulltrúa Landgræðslunnar sem kom í vettvangsskoðanir og setti út búnað til mælinga á grunnvatnsstöðu svæðisins.

Verkefninu var stýrt af Erlu Bil Bjarnardóttur þáverandi umhverfisstjóra Garðabæjar og skýrsluhöfundi sem tók við verkefninu og eftirfylgni þess. Framkvæmdin tókst mjög vel til.

Myndir frá endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn



Efni flokkað á efnislager, grjót og annað rusl tekið frá.



Móttaka efnis. Vörubíll flutti efnið frá efnislager þar sem beltagrafa tók á móti því og keyrði í skurðina.



Öflug vatnsdæla dældi vatni úr skurðunum.



Vatnstæming skurðanna varð til þess að ekki þurfti að leggja malarslóða eftir skurðbökkunum sem hefði verið illmögulegt að hreinsa upp að fullu.



Skurðbörmum var flett upp beggja vegna áður en fyllt var í þá.



Eftir fyllingu skurða voru gróðurtorfurnar, sem komu upp, lagðar ofan á skurðinn. Þær gróa svo saman með tímanum.



Beltavél keyrir meðfram skurði og fyllir upp í hann. Þennan dag sem myndin var tekin bar á komu farfugla sem fylgdu vélinni í leit að æti.



Silum sem höfðu skolað upp á bakkann í framkvæmdunum voru æti fyrir fugla á staðnum.



Staðsetning skurða. Já.is



Loftmynd tekin 2017. Búið að fylla skurðina. map.is



Landmótun skurðabakka með sveigum á Breiðaskurði.



Gróðurtorfur sem komu upp úr sveigum voru nýttar ofan á fyllingu næsta skurðar.

Endurheimt votlendis í landi Bessastaða

Endurheimt votlendis á Bessastaðanesi á Álftanesi fékk styrk til framkvæmdar á sama tíma árið 2016 og verkefnið við Kasthúsatjörn. Markmiðið var að endurheimta það votlendi sem áður einkenndi þetta svæði. Endurheimt voru votlendi upp af tveimur vikum, Norðurvík og Músavík. Skurðaruðningum var ýtt ofan í gamla framræsluskurði og hluta skurðanna var breytt í tjarnir. Sú endurheimt var unnin í samstarfi milli fulltrúa Landgræðslunnar, Friðbjörns Beck Möller umsjónarmanns hjá Forsetaembættinu og umhverfisstjóra Garðabæjar. Þeirri framkvæmd náðist að ljúka að lokinni undirritun samninga milli Forsetaembættisins og Landgræðslu ríkisins. Eftirfylgni framkvæmdarinnar er í gangi.



Staðsetning svæða sem hafa verið endurheimt á Álftanesi. map.is

Endurheimt votlendis við Urriðavatn

Urriðavatn og umhverfi er á náttúruminjaskrá og auk þess nýtur svæðið hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar. Markmið endurheimtar er að færa votlendið í átt til fyrra horfs og skapa líffsskilyrði fyrir gróður og dýralíf, auka aðstöðu til aukinnar útivistar og hlúa að fjölskrúðugra fuglalífi í umhverfi Urriðavatns.

Í samstarfi við Toyota umboðið á Íslandi, sem staðsett er í Kaupúni með náttúruperlu Urriðavatn í nágrenninu, var unnið að endurheimt votlendis í Þurramýri fyrir botni vatnsins. Verkefnið hófst 2016 þegar Toyota fékk verkfræðistofuna Verkís til að kanna og gera verkáætlun um endurheimt votlendis við Urriðavatn.



Rauður punktur sýnir staðsetningu votlendis. map.is

Framkvæmdin hófst 20. júlí 2017 með undirritun samstarfssamnings samstarfsaðila um endurheimt votlendisins við Urriðavatn. Samstarfsaðilar eru:

- Garðabær - framkvæmdaraðili
- Toyota á Íslandi - verkkaupi og styrktaraðili
- Urriðaholt ehf. - framkvæmdar og styrktaraðili
- Landeigendur - Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
- Landgræðsla ríkisins – ráðgjöf, vöktun og eftirfylgni

Björt Ólafsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra, tók fyrstu skóflustunguna við upphaf endurheimtarinnar með því að moka efni ofan í skurð á svæðinu á stórvirkri vinnuvél.




Undirskrift samstarfssamninga.



Umhverfis- og auðlindaráðherra við upphaf framkvæmdarinnar.


Endurheimtin fólst í fyllingu skurða um 815 lengdarmetrar. Við uppfyllingu skurða var gömlu uppgraftarefni sem var við skurðina ýtt ofan í ásamt aðfluttu efni frá framkvæmdarsvæði Urriðaholts ehf. sem lagði fyllingarefnið til og flutti á verkstað. Á verkstað tók jarðýta á móti efninu og fyllti í skurðina. Einnig var hluti af verkinu að hækka botnsstöðu á Oddsmýrarlæk sem rennur í gegnum svæðið, ásamt stíflu og yfirfalli. Skýrsluhöfundur hafði yfirumsjón með verkinu sem var alfarið stjórnað af Garðabæ.



Endurheimtarsvæði og framkvæmdarsvæði Urriðaholts ehf. map.is

Byrjað var á að ýta í skurði nr. 1 og nr. 2 með uppgraftarefni sem var á skurðbökkunum. Landslag var mótað í samræmi við aðliggjandi yfirborð. Efnið sem var á svæðinu nægði til þess að fylla í skurðina en mjög erfitt hefði verið að koma tækjum þar að með fyllingarefni, þar sem það hefði þá þurft að byggja bráðabirgðaræsi yfir lækinn.


Gróðri í skurði nr. 4 og skurðbörmum var fyrst flett upp af gröfu. Í framhaldi var fyllingarefni ýtt með jarðýtu í og eftir skurðinum sem þjappaði efnið í leiðinni. Efni frá Urriðaholti til uppfyllingar í skurðina var keyrt á staðinn eftir þörfum.



Staðsetning skurða.

Að lokum var yfirborðsefni með gróðurleyfum komið yfir á skurðstæðið. Í skurði nr. 5 var gömlum uppmokstri á bakka ýtt ofan í skurðinn, niður til móts við lækinn.

Oddsmyrarlækur (skurður nr. 3) var síðasti verkhluti endurheimtar og mesta áskorunin í verkefninu þar sem lækurinn var mjög niðurgrafinn í djúpum skurði. Unnið var eftir tillögu Verkís, þ.e. að hækka lækjarbotninn með stiflu í enda fyllingarinnar og grjótyfirfalli til að minnka hættu á rofi og útskolun á jarðefnum út í Urriðavatn. Lækjarfarvegur Oddsmýrarlækjar heldur áfram að renna í gegnum votlendið í núverandi farvegi sem var breytt við framræslu. Botn lækjarfarvegsins var að hluta hækkaður með leir og grús.



Skýringarmynd skurða, staðsetning brúar og grjótstíflu.

Stífla við endann á fyllingu lækjarins var klædd jarðvegsdúk og grjóti til þess að útbúa stöðugt yfirfall fyrir rennsli úr læknum.

Göngubrú og rampur voru sett yfir lækjarfarveg Oddsmýrarlækjar sem hluta af gönguleið umhverfis Urriðavholtsvatn. Það var gert til að auðvelda fólki aðgengi um svæði sem var áður sundurgrafið djúpum skurðum, sem fólk komst ekki yfir og voru hættulegir íbúum og þá aðallega börnum nærliggjandi byggðar sem rís í Urriðaholti.

Það gekk á ýmsu á framkvæmdatímanum aðallega varðandi lækjarframkvæmdina. Það gekk seint að fá efni úr Urriðaholti m.a. annars vegna bilana á tækjum. Eins og í framkvæmdinni við endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn var beðið eftir heppilegum aðstæðum, s.s. langvarandi þurrkatíð eða frosti í jörðu, til að auðvelda vélum aðgengi um svæðið án þess að gróðursvörður raskaðist mikið. Með fyllingu skurðanna, færslu lækjarins í sem upprunalegasta horf og lagningu göngustígs yfir svæðið opnaðist tækifæri á útivist og ekki síst möguleikanum á að njóta fuglalífs sem er fjölskrúðugt við Urriðavatn.

Myndir frá endurheimt votlendis við Urriðavatn



Uppfyllingarefni á framkvæmdarsvæði Urriðaholts ehf. sem notað var til að hækka botnsstöðu Oddsmýrarlækjar.



Jarðýta fór yfir svæðið án þess að skilja eftir djúpa skurði í gróðurverðinum.



Fyllt í skurði nr. 1 og 2 með uppgrافتarefni á skurðbökkum.



Landslagsmótun við skurði nr. 2 og 3.



Grafa fletti gróðurtorfum frá skurði nr. 4.



Uppfyllingarefni keyrt á verkstað frá Urriðaholti ehf.




Búið að fylla í skurði nr. 5 með uppgrافتarefni sem var á skurðbakka.



Skurður nr. 4 tilbúinn fyrir uppfyllingarefni, eftir að grafa var búin að fletta gróðurtorfum frá skurðbökkum.



Búið að fylla skurð nr. 4 og gróðurtorfum komið fyrir á yfirborði.



Traktorsgrafa flytur efni í lækjarfarveg Oddsmýrarlækjar til að hækka botnsstöðu.



Botnsstaða lækjarfarvegs hækkuð með uppfyllingarefni.



Vettvangsskoðun hjá Jónu Sæmundsdóttur, formanni umhverfisnefndar, Erlu Bil Bjarnardóttur fyrrverandi umhverfisstjóra Garðabæjar og Guðbjörgu Brá Gísladóttur, verkefnastjóra á tækni- og umhverfissviði.



Grjótstífla klædd með jarðvegsdúk.



Uppfyllingarefni þjappað ofan við grjótstíflu.



Horft yfir grjótstíflu.



Grjótstífla í klakaböndum.




Göngubrú yfir Oddsmýrarlækjarfarveg.



Göngubrú og rampur.

Útivistarstígur við Urriðavatn



Skýringarmynd af stígaframkvæmdum [google.com/maps](https://www.google.com/maps)

Göngustígur er sýndur á uppdrætti aðalskipulags Garðabæjar 2004 – 2016. Svæðið umhverfis vatnið er deiliskipulag í vinnslu. Sótt var um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útivistarstígs við Urriðavatn í júlí 2017, sem bæjarráð samþykkti að veita. Ákveðið var að fara í framkvæmd göngustígsins þar sem hægt var að vinna verkefnin saman, stíginn og endurheimt votlendisins. Lega útivistarstígsins var lögð í landið í samráði við landlagsarkitekta á Landslagi ehf. Eftir að framkvæmdarleyfi fékkst og lega stígsins var ákveðin fóru skýrsluhöfundur og Erla Bil Bjarnardóttir að merkja fyrir stígnum með hælum. Jarðýta sem sá um að fylla í skurðina við endurheimt votlendisins rétt hjá fyrirhuguðu stígstæði, kom í beinu framhaldi og rispaði fyrir stígstæðinu. Stígurinn var svo byggður upp með grús, sem er undirlag varanlegs göngustígs með malbikuðu yfirborði. Fyrirhugað er að malbika stíginn á árinu 2018. Göngubrú var smíðuð af Þóri Sigursteinssyni smið hjá garðyrkjudeild Garðabæjar. Göngubrúin var sett yfir lækjarfarveg Oddsmýrarlækjar ásamt rampi sem var nauðsynlegur til bráðabirgða þar sem nokkur hæðamismunur var á brúnni og yfirborði lands sunnan lækjar. Það land er ekki deiliskipulagt. Frágangur við brúna bíður vorsins. Áætlað er að stika/merkja gönguleið meðfram vatninu sem opnar gönguleiðarhring og útivist á Hrauntangann. Enn er farartálmi yfir votlendið milli tangans og byggðar sem eftir er að brúa. Þá verður hægt að ganga hringinn í kringum vatnið frá votlendinu og tengjast inn á núverandi göngustíga upp í Urriðaholt eða Kauptún. Ekki verður farið í frekari framkvæmdir göngustíga við vatnið að sinni þar sem hluti af því landi er eignarland.

Árni Bragason landgræðslustjóri, lagði til við undirritun samstarfssamnings um endurheimt votlendisins að stígurinn yfir votlendið, sem er lítill hluti útivistarstígsins ca. 50 lengdarmetrar, yrði ekki á uppfyllingu heldur á viðarpöllum líkt og Norðmenn gera á votlendum. Búið er að útvega efni í þá framkvæmd. Pallarnir verða klæddir lerkiborðum og mun Þórir Sigursteinsson smiður einnig sjá um þá framkvæmd í vor.

Gerð útivistarstígs og aukið aðgengi yfir votlendið er mikill styrkur fyrir svæðið og gerir íbúum í nærliggjandi byggð kleift að ganga hringinn í kringum Urriðavatn og umhverfi þess á öruggan hátt. Framkvæmdin hefur aukið útivistargildi svæðisins til muna fyrir fólk að njóta fallelgrar náttúru og fuglalífs í sínu nærumhverfi.

Myndir frá gerð útivistarstígs, göngubrúar og ramps við Urriðavatn



Jarðýta búið að rista fyrir stíg ofan votlendisins.



Búið að fylla í stígstæðið með grús.



Séð yfir stígstæðið frá Urriðaholti.



Jarðýta vinnur sig í gegnum mólendið í átt að göngustíg við Urriðaholt.



Jarðýta komin að göngustíg hjá Urriðaholti.



Útivistarstígur tengdur við göngustíg í Urriðaholti.



Hæðarmismunur hjá göngubrú og yfirborði votlendis.



Göngubrú og rampur auðvela aðgengi.

Útivistarstígar - viðhald

Lítið var farið í nýlagnir á stígum fyrir utan útivistarstíginn við Urriðavatn. Unnið hefur verið að viðhaldi eldri stíga sem hafa verið lagðir undanfarin ár.

Mikilvægt er að fara í endurbætur á malarbornum stíg sem liggur umhverfis Vífilsstaðavatn, en sá stígur er orðinn illa farin eftir vetrarfrost undanfarin ár. Jarðvegur umhverfis vatnið varð mjög blautur eftir veturinn og rorum sem komið var fyrir víðsvegar á stígnum til að hleypa vatni í gegnum stíginn önnuðu ekki vatnsmagninu eftir að frostið fór úr jörðu. Sum rörin stífluðust þannig að mól rann úr stígnum og á sumum stöðum fóru heilu kaflarnir úr stígnum. Stígurinn í kringum Vífilsstaðavatn er undir miklu álagi allan ársins hring þar sem margir nýta sér að ganga hringinn í kringum vatnið. Þar sem Ásta hefur sinnt reglulegri landvörslu allan ársins hring var hægt að bregðast fljótt við og gera bráðabirgða lagfæringu á stígnum, losa stífluð rör og grafa þau aftur niður eftir frostlyftingar. Leggja þarf áherslu á að vernda svæðin fyrir ágangi og halda þeim hreinum svo gestir fái notið þeirra.



Stígur mettaður af vatni.



Holur eftir steina sem komu upp vegna frostlyftingar og vatns.



Vatnsrásir í stíg.



Rör að lyftast vegna frostlyftinga.



Unnið að lagfæringu stígs.



Stór skörð mynduðust í stígnum.



Stór kafli úr stígnum skolaðist í burtu, rör stífluð.




Starfsmenn garðyrkjudeildar hreinsa stífluð rör.

Sumarheit við Vífilsstaði

Eftir að Garðabær undirritaði samning um kaup á landi Vífilsstaða þann 19. apríl 2017 barst erindi frá Hestamannafélaginu Sóta vegna sumarheitar á landspildu í landi Vífilsstaða. Umhverfisnefnd skoðaði aðstæður og var samþykkt því að gera tilraun með að beita hrossum á umræddu svæði þar sem skógarkerfill er útbreiddur. Garðabær veitti Sóta leyfi til tilraunar á sumarheit í landi Vífilsstaða á svæði sem er um 3,2 hektarar að stærð. Tilraunin fólst í að hefta útbreiðslu skógarkerfils út frá opnu svæði austan byggðar á Vífilsstöðum, sem hefur m.a. ógnað friðlandi Vífilsstaðavatns.

Mikilvægt var að hefja hrossabeitina sem allra fyrst að vori áður en plantan yrði beisk og skepnur vildu hana ekki.

Skólastjórnendur Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum höfðu áhyggjur af því hvernig beitarhólfid yrði girt af, því gert var ráð fyrir að hafa rafmagnsstreng á girðingastaurunum til að hestarnir héldu sig innan girðingar. Börn úr skólanum nýta svæðið við beitarhólfid til útiveru og áhyggjur snérust um það að þau gætu fengið straum af girðingunni. Forsvarsmaður hestamannafélagsins, sem stýrði girðingarframkvæmdunum, gerði sitt besta til að finna farsæla lausn í sátt og samlyndi við stjórnendur Barnaskólans. Túngirðing var sett fyrir framan rafmagnsgirðingu næst Barnaskólanum. Skýrsluhöfundur og forsvarsmanni hestamannafélagsins er ekki kunnugt um að upp hafi komið tilfelli þar sem börn í skólanum hafi fengið straum af rafmagnsgirðingunni.



Mynd af afmörkun beitarhólfsins austan Vífilsstaða.



Barnaskóli Hjallastefnu er fyrir ofan trjágróður, túngirðing nær skólanum og rafmagnsgirðing fyrir innan.



Túngirðing næst útivistarstíg neðan Vífilsstaða, rafmagnsgirðing þar fyrir innan.

Um miðjan maí voru fimm hestar settir á beit þar sem mesti kerfillinn var. Þeir átu ekki eins mikið og vonast hafði verið til og voru þá færðir á beit á svæði þar sem var meira gras. Þar sem hestarnir átu ekki kerfillinn, héldu þeir kerflinum niðri að litlu leyti með því að trampa hann niður. Í enda maí hittust forsvarsmaður hestamannafélagsins, skýrsluhöfundur og fráfarandi umhverfisstjóri Garðabæjar í beitarhólfinu, auk fræðslu- og verkefnastjóra Garðyrkjufélags Íslands, til að ræða hugmyndir um að vinna bug á skógarkerflinum.

Sama dag hittu forsvarsmaður hestamannafélagsins og skýrsluhöfundur, starfsmann frá garðþjónustufyrirtæki, til að ræða illgresiseitrun á svæðinu. Þar sem kerfill er lífsseig og sterk planta þarf að eitra hann snemma vors.

Ljóst var að það var orðið of seint að eitra kerfillinn þar sem hestarnir voru komnir á svæðið og plantan komin í öran vöxt. Því var ákveðið að eitra ekki og var kerfillinn sleginn af sumarstarfsfólki Garðabæjar fyrstu vikuna í júní.

Samkvæmt forsvarsmanni hestamannafélagsins þá gekk tilraunin ekki því hestarnir vildu ekki kerfillinn. Þeir sultu frekar en að éta hann. Eftir að sumarbeit var lokið og hestarnir farnir af svæðinu þá var rafmagnsgirðingin fjarlægð en túngirðingin stendur enn.



Hestar á beit, séð frá útivistarstíg neðan Vífilsstaða.



Svæðið var slegið með orfum af starfsmönnum bæjarins.



Hestar á beit, séð frá Elliðavatnsvegi.

Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár

Búrfell er eldstöð frá nútíma. Frá Búrfelli liggur heilleg hrauntröð, Búrfellsgjá um 3,5 km löng. Mikið hraun hefur runnið frá Búrfelli og þekur um 18 km² landsvæðis. Á svæðinu er að finna fornminjar eins og Gjárétt, Réttargerði og vatnsbólið Vatnsgjá. Þessar menningarminjar eru friðlýstar. Fræðsluskilti var reist árið 2015 á vegum umhverfisnefndar um Búrfell og gjárnar. Það er staðsett ofan við Hjallamisgengið með útsýni yfir svæðið. Malarborinn útivistarstígur að hluta liggur að Búrfellsgjá en hann byrjar frá hættulegu bílastæði staðsett við krappa beygju við enda Vífilsstaðahlíðar. Gönguslóði er inn eftir gjánni og upp á Búrfell, en þar er töluverður átroðningur og sjáanleg eru veruleg ummerki þess. Innarlega í gjánni liggur leiðin yfir breiða hraunsprungu sem hefur verið merkt með fallhættumerki. Umhirða á svæðinu felst í að hreinsa rusl og bera á timburtröppur sem Þórir Sigursteinsson smiður smíðaði niður Hjallamisgengið.

Svæðið er vinsælt til útivistar og á leiðsagnarappinu Wapp er að finna kort af gönguleið um Búrfellsgjá. Nánari upplýsingar um Wapp-ið má sjá á vef Garðabæjar (gardabaer.is).

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti styrk til gerðar nýs bílaplans sem tæki við rútum og fólksbílum. Nýtt bílaplan mun bæta aðstöðu fólks til útivistar á svæðinu og jafnframt auka umferðaröryggi. Umhverfisnefnd óskaði eftir framkvæmdaleyfi, sem var veitt í apríl 2018, en framkvæmdinni seinkaði vegna þess að deiliskipulag Heiðmerkur og hluta Garðabæjar dróst að fást samþykkt. Einnig var sótt um styrk til að gera úttekt á ástandi stíga á Búrfellssvæðinu og vinna að lagfæringum á þeim til að bæta aðgengi, lágmarka slyshættu og draga úr gróðurskemmdum. Sá styrkur var veittur í mars 2018.

Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár 323 hektarar var friðlýst náttúruvætti þann 30. apríl 2014 vegna sérstæðra jarðmyndanna, þ.e. eldstöðin og hrauntraðirnar. Svæðið féll úr gildi sem náttúruvætti þann 25. apríl 2016.

Strandsvæði

Garðabær er ríkur af ströndum og stór hluti strandlengju Garðabæjar var friðlýstur með friðlýsingu Skerjafjarðar árið 2009. Strendur eru mikilvægar fuglalífi og til útivistar almennings. Það er nauðsynlegt að bæta ástand strandstígsins meðfram fjörum Álftaness. Sótt hefur verið um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir endurbótum á stígnum en styrkur hefur ekki enn fengist. Ein leið til að bæta aðgengi að fuglaskoðun í fjörum væri að reisa útsýnispalla á sjóvarnargarða á Álftanesi. Sjóvarnargarðar hindra aðgengi að fjörunum, en strandlengja Álftaness er löng. Sjóvarnir þarf að vinna í, t.d. út á Hliðsnes, við Vestri Dysjar í Garðahverfi og við Skansinn á Bessastaðanesi.



Rauður hringur sýnir hvar Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár eru staðsett í Garðabæ. map.is

Hreinsun bæjarlandsins

Starfsfólk bæjarins sér um að halda bæjarlandinu sem snyrtilegustu allan ársins hring. Ruslatínsla er veigamikil verkþáttur hjá umhverfishópum á sumrin, þar sem svæði í útmörkinni eru hreinsuð svo sem lækir, fjörur og hraun. Í bæjarlandi ofan byggða er reglulega tínt rusl og einnig eru fjörur við Bessastaðanes gengnar og hreinsaðar.



Rusli hent á opið svæði í Garðahverfi.

Árlegt hreinsunaráttak með þátttöku íbúa

Vorið 2018 tók skýrsluhöfundur við umsjón með árlegu hreinsunaráttaki bæjarlandsins, sem umhverfisnefnd Garðabæjar stendur fyrir á vorin, og tekur við umsóknum um þátttöku og úthlutar svæðum. Íbúasamtök, nágrennar, félagasamtök og skólar í bænum hafa tekið þátt undanfarin vor og eru hvött til að taka nú þátt í hreinsunaráttakinu með það að markmiði að Garðabær verði snyrtilegasti og umhverfisvænasti bær landsins. Þau félög/hópar sem taka þátt geta sótt um hvatningarstyrk til að halda t.d. grillveislu í lok góðrar tiltektar. Að auki eru íbúar bæjarins hvattir til að sýna gott fordæmi með því að hugsa vel um nærumhverfi sitt og halda því snyrtilegu. Bæjarstarfsmenn sjá um að hirða alla poka og annað sem fellur til við ruslatínsluna.



Bæjarfulltrúar eftir gott hreinsunarverk.



Þátttakendur í hreinsunaráttaki. Mynd frá félagi eldri borgara á Álftanesi.

Ágengar tegundir

Lúpína

Umhverfishópur sá um lúpínuslátt með aðstoð sumarstarfsfólks úr garðyrkjudeild og áhaldahúsi. Í Smalaholti var nokkuð mikið slegið af lúpínu sem var farin að þrengja að göngustígum þannig að þeir voru orðnir illfærir. Stígur frá neðra plani á Vífilsstaðavatni að Mariuvöllum var orðin illfær og því sleginn líka. Aðrir staðir þar sem lúpína var slegin til að halda henni niðri eða gera göngustíga aðgengilega var á svæðum við Gálgahraun, krúvarpið norðan í Garðaholti og Ásahverfi.




Bláar línur sýna stíga sem var slegið frá í smalaholti.



Lúpína búið að loka gönguleið að miklu leyti.

Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands skipuleggur árlega lúpínudag í enda júní þegar lúpínan er í fullum blóma. Starfsfólk NÍ slær stærstu breiðurnar af lúpínu á völdum stöðum og hafa undanfarin ár fengið sláttuorf og önnur áhöld að láni frá garðyrkjudeild Garðabæjar. Þau vilja hindra útbreiðslu lúpínunnar út í Vífilsstaðahraunið framundan húsi NÍ á Urriðaholti. Einnig hafa þau rífið upp eða stungið upp stakar og smáar plöntur. Eftir síðasta slátt hjá NÍ kom ábending frá þeim um að lúpínan sé að aukast á svæði sunnan við Flatahverfi nálægt Reykjanesbraut.



Loftmynd frá starfsfólki NÍ. Rauð strik sýna svæðið þar sem þau slógu lúpínu.

Kerfill

Skógarkerfill er ágeng tegund og erfitt getur verið að uppræta hann. Baráttan við kerfillinn er erfið því þó svo að slegið sé fyrir fræmyndun og plantan sjálf eyðileggst, þá vaxa nýjar plöntur upp af hliðasprotum rótarinnar. Þær aðferðir sem Garðabær hefur helst notað er að halda kerflinum niðri með því að slá plöntuna snemma sumars áður en plantan losar fræ og koma þannig í veg fyrir frekari útbreiðslu. Eins hafa plöntur verið stungnar upp með rót á stöðum þar sem stakar plöntur finnast. Eitrað var á kerfilsflekki sumarið 2016, t.d. flekk upp við Gunnhildi á Vífilsstaðahlíð. Engin svæði voru eitruð árið 2017.

Nauðsynlegt er að hefta útbreiðslu kerfilsins og helst að uppræta hann alveg.

Til þess að halda plöntunni niðri þarf stöðugt eftirlit með vaxtarsvæðum og bregðast fljótt við. Koma þarf í veg fyrir frekari útbreiðslu hans á svæðum þar sem lítið sem ekkert er af honum. Þess vegna var mikilvægt að gera tilraun með hrossabeit innan girðingar á Vífilsstöðum þar sem kerfillinn hafði fengið að vaxa óáreittur undanfarin ár.

Kerfilssláttur fór fram í júní á nokkrum stöðum í bæjarlandinu sem skýrsluhöfundur ásamt Gissuri Hrafni Gíslasyni yfirflokkestjóra umhverfishópa höfðu umsjón með í samstarfi við sumarstarfsfólk. Sláttusvæðin voru frá Vífilsstöðum að leikskólanum Sunnuhvoli, á skógræktarsvæðum, neðst í Hnoðraholti við golfvöllinn, við Hausastaði í Garðahverfi, á Arnarnesi og á Álftanesi. Einnig voru stakar plöntur stungnar upp. Fylgjast þarf með þessum svæðum svo kerfillinn nái ekki frekari útbreiðslu í bæjarlandinu.

Bjarnarkló

Bjarnarkló er stórvaxin planta af sveipjurtaett og hefur verið nokkuð vinsæl sem skrautjurt í einkagörðum. Varast ber að rækta þessa tegund, þar sem hún þroskar auðveldlega mikið af fræjum og dreifir sér af sjálfsdáðum. Bjarnarkló er eitruð planta, safinn í stönglinum og blöðunum virkjast í sólarljósi og getur valdið alvarlegum bruna á húð og valdið blindu ef hann berst í augu.

Til þess að draga úr útbreiðslu hefur garðyrkjudeild Garðabæjar unnið að því undanfarin ár, að skrásetja og fjarlægja þær plöntur sem finnast á opnum svæðum og öðrum stöðum innan sveitarfélagsins. Einnig hefur garðyrkjudeildin auglýst á vef bæjarins og í Garðapóstinum aðstoð við garðeigendur, þar sem skýrsluhöfundur hefur mætt í einkagarða fólks í bænum og skorið úr um hvort að um Bjarnarkló sé að ræða og ráðlagt hvernig best sé að uppræta plöntuna. Í sumum tilfellum hafa garðeigendur fengið aðstoð við að farga

plöntunni. Haldin er skrá um vaxtarsvæði plöntunnar þannig að hægt sé að fylgjast með útbreiðslu hennar og bregðast við til að uppræta hana þannig að engin hætta sé á að slys af hennar völdum verði.



Bjarnarkló í einkagarði. Plantan nær út á gangstétt og skapar hættu fyrir gangandi.

Njóli

Njóli er stórvaxin fjölær jurtt um metri á hæð og finnst á þó nokkrum stöðum í bæjarlandinu. Þær plöntur sem finnast á náttúrusvæðum hafa verið stungnar upp. Njóli hefur verið nokkuð fyrirferðarmikill á Álftanesi og hafa þær plöntur sem vaxa við göngustíga og á opnum svæðum verið stungnar upp af sumarstarfsfólki eða klippt ofan af honum og í sumum tilfellum slegnar af sláttuhópum svo hann næði ekki að fjölga sér frekar. Á norðanverðri eyrinni við Seylu hefur stór njólabreiða verið slegin í grófslætti undanfarin ár til þess að sporna við frekari útbreiðslu á eyrinni. Svæðið var áður nýtt sem jarðvegstíppur á vegum sveitarfélags Álftaness og verður að slá einu sinni á sumri til að hefta vöxt njóla og annarra ágengra tegunda.

Grófsláttur

Stór grassvæði aðallega á Álftanesi þarf að slá einu sinni síðsumars til að varast sinubruna að vetrinum. Einnig bættist Vífilsstaðaland við á árinu með slætti.



Opið svæði á Álftanesi slegið síðsumars.

Fuglaskoðun nemenda Álftanesskóla

Nemendur í fimmta bekk Álftanesskóla fá fræðslu um fugla í útikennslu í boði umhverfisnefndar undir leiðsögn fuglafræðinganna Jóhanns Óla Hilmarssonar og Dr. Ólafs Einarssonar. Nemendurnir ganga um Álftanesið að Kasthúsatjörn þar sem þau skoða og greina fugla. Fræðslan fer fram í maí þegar margæsin þekur túnin á Álftanesi.

Fuglaskoðun við Kasthúsatjörn

Umhverfisnefnd bauð upp á fuglaskoðun við Kasthúsatjörn í samstarfi við Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness og Fuglavernd undir leiðsögn fuglafræðinganna Jóhanns Óla Hilmarssonar og Dr. Ólafs Einarssonar. Fuglaskoðunin er hluti af sögu- og fræðslugöngum ársins sem er samstarfsverkefni umhverfisnefndar, menningar- og safnanefndar og Bókasafns Garðabæjar.



Fuglaskoðun

Haustgróðursetningar grunnskólanema – Yrkjugróðursetningar

Grunnskólar fá úthlutaðar plöntur til gróðursetningar úr Yrkjusjóði, sem var stofnaður árið 1992 og var afrakstur sölu bókarinnar Yrkja, sem gefin var út í tilefni af sextugsafmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta Íslands.

Yrkjuverkefnið er í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar sem útvegar svæði til gróðursetninga, sækir um og útvegar plöntur úr Yrkjusjóði. Leiðbeinendur voru formaður Skógræktarfélags Garðabæjar og starfsfólk garðyrkjudeildar. Áður en gróðursetningarnar hófust hittust skýrsluhöfundur, formaður skógræktarfélagsins, Ásta Leifsdóttir og Friðbjörn B. Möller, umsjónarmaður Bessastaða og skoðuðu nánar svæðið sem nemendum var úthlutað til gróðursetningar á Bessastaðanesi, en Skógræktarfélag Garðabæjar fékk heimild til þess að gróðursetja á þessu svæði í fyrsta sinn.

Gróðursett var í september þegar nemendur úr 4. bekk Hofsstaðaskóla og Álftanesskóla, sem var að taka þátt í verkefninu í fyrsta sinn, gróðursettu birkiplöntur í landi Bessastaða. Gróðursett var í móa norðan við gróðurreit frá tíð Ásgeirs Ásgeirssonar fyrrum forseta.

Nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans gróðusettu á skógræktarsvæðið í Sandahlíð ofan Guðmundarlundar. Hver nemandi gróðursetti um tvær plöntur og fræddist í leiðinni um gróður.



Gróðursetning nemenda á Bessastaðanesi.



Gróðursetning nemenda í Sandahlíð.

Bali - útivistarsvæði fyrir hunda

Bali er eyðijörð syðst í Garðahverfi við bæjarmörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar og snýr að sjó. Svæðið er ekki skilgreint sem hundasvæði í aðalskipulagi. Svæðið hefur undanfarin ár verið vinsælt lausagöngusvæði fyrir hunda og eigendur þeirra og er ekki afgirt. Þarna er syðsti hluti Garðahrauns þar sem hraunið rann í sjó fram. Fræðsluskilti um Búrfellshraun var reist á Bala árið 2013 sem samstarfsverkefni Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Á svæðinu er að finna vatnsbolla og víkur. Balatjörn liggur milli hraunsins og túna á Dysjum í Garðahverfi með útfalli til sjávar. Á tjörninni er töluvert fuglalíf. Ströndin sem liggur að svæðinu tilheyrir friðlýsingu Skerjafjarðar, sem áður var á náttúruminjaskrá.



Rauður punktur sýnir staðsetningu Bala.

Umhirða á svæðinu felst í því að tæma ruslatunnur, halda því snyrtilegu ásamt aðliggjandi fjöru og halda afleggjara akfærum sem liggur niður að snúningsplani við gamla bæjarstæðið. Við svæðið er að finna ruslatunnur og bekk.

Á spjalli við smáhunda eiganda sagðist hann vilja að gert yrði afgirt svæði fyrir smáhunda. Hann sagðist vera smeykur um hunda sína þegar stórir og ókunnugir hundar mæti á svæðið. Að hans sögn nota eigendur smáhunda oft opið svæði við jarðgerðina við gamla Álftanesveg til viðra smáhunda sína. Hundaeigandinn sagði frá áhyggjum sínum varðandi neðra bílastæðið þegar keyrt er inn á hundasvæðið því það væri vont að komast að því, bakka og slíkt, og stór gryfja er við stæðið.



Aðkoma hundavæðis.



Balatjörn og Garðahverfi í bakgrunni.



Horft til Hafnarfjarðar.



Fræðsluskilti um Búrfellshraun.



Hundaeigendur nýta svæðið.



Horft yfir hundasvæðið.

Lokaorð

Garðbæingar njóta mikilla lífsgæða hvað varðar nálægð og aðgengi að náttúrusvæðum. Mikill metnaður hefur verið lagður í að halda náttúrusvæðum bæjarlandsins snyrtilegum og til fyrirmyndar. Umhverfismál eru viðamikill málaflokkur og fer vaxandi með umsjón á friðlýstum svæðum, bættu aðgengi að svæðunum með gerð stíga og áningastaða, umhverfisfræðslu og ýmsum eftirlits- og viðhaldsverkefnum í útmörk bæjarlandsins.

Með friðlýsingu Vífilsstaðavatns og næsta nágrennis árið 2007 markaði Garðabær upphaf að skipulagðri náttúruvernd sem felst í því að standa vörð um og viðhalda verndargildi svæða, draga fram sérstöðu þeirra og byggja upp styrk þeirra og innviði.

Margir þættir gera það mögulegt, m.a. með samhentu átaki skýrsluhöfundar sem skipuleggur starfið og hefur yfirumsjón, landvarðar sem sinnir reglubundnu eftirliti allt árið, smíði garðyrkjudeildar og liðstyrk umhverfishópa á sumrin. Mikið álag er á náttúrusvæðum sem eru vinsæl til útivistar eins og við Vífilsstaðavatn. Aðeins með stöðugu eftirliti, árverkni og landvörslu umsjónaraðila vatnsins, er hægt að halda svæðinu til sóma og aðgengilegum þeim gestum sem nýta sér það allan ársins hring.

Friðlýsingum í Garðabæ er ekki lokið, framundan er að endurheimta friðlýsingu á Búrfelli og gjánum og vinna að friðlýsingu hluta Skerjafjarðar á strandlengju Álftaness.

Staðið hefur verið að endurheimt votlendis á þremur svæðum í bæjarlandinu. Endurheimtarverkefni hafa verið ólík að framkvæmd og umfangi, allt frá því hvernig hægt væri að komast á svæðið með uppfyllingarefni eða hvort uppfyllingarefni væri til staðar, hvernig samræma ætti þau við aðliggjandi umhverfi, viðhalda gæðum þeirra og lífríki ásamt því að stuðla að góðu aðgengi að svæðunum til útivistar. Endurheimt votlendis er langtímaverkefni þar sem áhrif koma ekki fyllilega í ljós fyrr en fram líða stundir. Eftirlit og eftirfylgni á svæðunum í samvinnu við Landgræðslu ríkisins er mikilvæg til að hægt sé að mæla árangur af endurheimt votlendis. Framlag Toyota á Íslandi til endurheimtar votlendis á tveimur svæðanna var mikils virði og mættu fleiri fyrirtæki á Íslandi taka sér það til fyrirmyndar og láta sig meira varða umhverfis- og náttúruverndarmál.

Slysaþættur í bæjarlandinu hafa ekki verið hér til umfjöllunar, en vissulega er það einn málaflokkur sem þarf að vera vakandi fyrir. Slíkar þættur eru ekki síst á náttúrusvæðum utan byggðar. Þær þættur sem koma upp m.a. með tilkynningum frá íbúum eru skráðar og brugðist við með útbótum. Samt eru alltaf til staðar slysaþættur í umhverfinu sem fólk þarf að vara sig á.

Verkefni eins og hreinsunarátakið hér í Garðabæ hefur verið liður í því að auka umhverfisvitund íbúa og fá þá til að taka þátt í að halda bænum snyrtilegum. Slík verkefni geta haft margföld jákvæð áhrif til framtíðar þar sem unga kynslóðin lærir að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu þá eru verkefni mörg og víðfeðm sem Garðabær hefur ráðist í á skömmum tíma. Velgengni þessara verkefna felst ekki síst í góðu utanumhaldi og samhentu átaki þeirra aðila sem vinna saman að umhverfis- og náttúruverndarmálum í bæjarfélaginu.

Viðauki

Ýmis verkefni

Sem skýrsluhöfundur hefur komið að á einn eða annan hátt.

Ástandskýrsla friðlýstra svæða.

Skýrsluhöfundur skilaði inn upplýsingum til Umhverfisstofnunar vegna ástandsskýrslu friðlýstra svæða í Garðabæ fyrir árið 2017 sem áður var lögð fyrir umhverfisnefnd. Upplýsingar um eftirfarandi svæði í umsjón Garðabæjar eru birtar í ástandsskýrslu friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar á landsvísu. Ástandsskýrslur fyrri ára og fyrir árið 2017 eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar undir útgefið efni.

1. **Garðahraun, Vífilstaðahraun og Maríuhellar** – Fólkvangur. Friðlýst 30. apríl 2014, stærð 1,6 km²
2. **Gálgahraun** – Friðland. Friðlýst 6. Okt. 2009, stærð 108,2 hektarar.
3. **Hlið** – Fólkvangur, Friðlýst 5. júlí 2002, stærð 39,6 hektarar.
4. **Hluti Kasthúsatjarnar og umhverfi hennar og fjaran við tjörnina** – Friðland (Kasthúsatjörn og umhverfi) stærð 4,2 hektarar. Fólkvangur (Fjaran). Friðlýst 5. júlí 2002, stærð 21,6 hektarar.
5. **Skerjafjörður innan Garðabæjar** (að frádregnu grunnsævi Álftaness) – Búsvæði. Friðlýst 6. október 2009 stærð 427,6 hektarar.
6. **Vífilstaðavatn og næsta nágrenni** – Friðland. Friðlýst 2. nóv. 2007, stærð 108,2 hektarar.

Ástand friðlýstra svæða 2017, skýrsla umhverfisstofnunar

- Hlið - Eftirlit Landavarða Umhverfisstofnunar í október 2017.

„Í eftirliti landvarða Umhverfisstofnunar á svæðinu kom í ljós að byggingareitir húsnæðis ferðapjónustu við Hlið náðu inn í fólkvanginn. Auk þess kom í ljós að sett höfðu verið upp mannvirki þar og efnislosun farið fram. Rannsókn málsins er í vinnslu þegar skýrsla þessi er rituð“ athugasemd UST tekið úr skýrslu Umhverfisstofnunar: *Ástand friðlýstra svæða 2017* www.ust.is undir útgefið efni.

Vettvangsferð um strandlengju Arnarness með landvörðum Umhverfisstofnunar.

Ásta Davíðsdóttir landvörður hjá umhverfisstofnum óskaði eftir fundi í enda október 2017 með skýrsluhöfundi og Ástu Leifsdóttur, varðandi athugasemdir sem komið hefðu fram í eftirliti hennar og Hönnu Valdísar Jóhannsdóttur landverði á friðlýstum svæðum í Garðabæ. Ákveðið var á fundinum að Ásta Leifsdóttir færi með Ástu Davíðsdóttur og Hönnu Valdísi Jóhannsdóttur landvörðum í fyrirhugaða vettvangsferð um strandlengju Arnarness. Landverðir Umhverfisstofnunar gerðu þónokkrar athugasemdir við aðgengi á strandlengjunni.

Ársfundur Umhverfisstofnunar og umsjónaraðila friðlýstra svæða.

Skýrsluhöfundur sat ársfund Umhverfisstofnunar og umsjónaraðila friðlýstra svæða, sem bar yfirskriftina *Hvernig viðhöldum við verndargildi friðlýstra svæða*, á Akureyri í nóvember 2017. ásamt Guðbjörgu Brá Gísladóttur, verkfræðingi á tækni- og umhverfissviði og Arinbirni Vilhjálmssyni, skipulagsstjóra Garðabæjar.

Ársskýrsla náttúruverndarnefnda.

Skýrsluhöfundur skrifaði skýrslu í samráði við Guðbjörgu Brá Gísladóttur, verkfræðing á tækni- og umhverfissviði og starfsmann umhverfisnefndar, þar sem Umhverfisstofnun er veitt yfirlit yfir verkefni á náttúrusvæðum með skýrslu í lok hvers árs. Skýrslan var lögð fyrir umhverfisnefnd. Skýrslunni er skilað rafrænt til Umhverfisstofnunar.

Fuglaskýrsla

Fuglar á helstu vötnum og mýrlendum í Garðabæ. Höfundar: Fuglafræðingarnir Jóhann Óli Hilmarssonar og Dr. Ólafur Einarsson. Skýrslan greinir frá talningu fugla í bæjarlandinu á árinu 2017.

Skýrslan var unnin að beiðni umhverfisnefndar Garðabæjar og er mikilvæg vöktun á fuglalífi og þeim breytingum sem kunna að verða á milli ára. Tilgangurinn með fuglatalningunni er að afla upplýsinga um núverandi ástand fuglalífs í Garðabæ og hvort að breytingar hafa orðið þar á frá síðustu talningu. Fuglafræðingarnir kynntu skýrsluna fyrir umhverfisnefnd og er skýrslan aðgengileg á vef Garðabæjar undir: umhverfi-umhverfismál-rannsóknir.

Dýrahald: hrossabeit stýrt – nýr samningur um beitarhólf sauðfjár í Krýsuvík í vinnslu.

Skýrsluhöfundur ásamt Guðbjörgu Brá Gísladóttur, sat fundi með verkefnisstjóra framkvæmda- og rekstrardeildar Hafnarfjarðar og forsvarsmönnum Fjáreigendafélags Hafnarfjarðar, ábúendum á býlum í Garðahverfi. Hafnafjarðarbær, Garðabær og Fjáreigendafélagið gerðu með sér samning um notkun á landi undir sumarreit fyrir sauðfé, þar sem samið var um endurnýjun á samningi um notkun beitarhólfs í landi Hafnarfjarðar við Krýsuvíkurbjarg. Samningurinn var samþykktur af forsvarsmönnum Fjáreigendafélagsins. Samningur hefur verið undirritaður.

Færslur úr dagbók: Skráð af Ástu Leifsdóttur, landverði og starfsmanni í garðyrkjudeild.

3. mars föst., sól og blíða, snjór, -3°C.

Linda; Ásta Leifsdóttir starfsmaður í garðyrkjudeild og landvörður byrjaði að huga að friðlandinu með því að finna til hunda í bandi skilti og gera úttekt á skilta málum í friðlandinu. Ásta kemur til með að sinna veiði eftrilíti og útbúa greinabúnt fyrir hreiðurstæði flórigoðans þar til Gissur kemur til vinnu 5. maí.

20. mars mán., sól, -2-0°C.

Ásta og Linda; kíktum á og mynduðum ummerki eftir Kvikmyndaskólann í Maríuhellum (sjá 19. mars). Þau höfðu ekki gengið frá eftir sig sem lofað. Á bílaplaninu við hellana var þungur sandsekkur og smádrasl ss. plast, dósir og matarumbúðir. Í báðum hellunum sáust ummerki og þá sérstaklega í þeim vestari. Þarna lágu leifar eftir bálkesti, brenndar spýtur og sviðið grjót sem hafði verið fært úr stað og notað sem undirstaða. Einnig fundust fiskbein, mjög líklegt að fiskurinn hafi verið grillaður á staðnum.

6. apríl fim., skýjað, bjart, 7°C.

Ásta; útbjó greinabúnt fyrir flórigoðann, birki- og víðigreinum fléttað saman og bundið með strigaræmum. Greinabúntin eiga að þjóna sem hreiðurstæði fyrir flórigoðann á Vífilsstaðavatni. Veiðieftirlit; kl. 17 einn að veiða með kort.

13. apríl fim. (skírdagur), sól og blíða.

Ásta; gekk hringinn. Veiðieftirlit; kl. 15 sjö voru að veiða (þar af 6 frá A-evrópu) allir með veiðikort. 5 útlenskir veiðimenn höfðu raðað sér upp meðfram A-bakkanum og stóðu tveir þeirra inni á bannsvæði flórigoðans. Útskýrði veiðibannið á ensku og færðu þeir sig allir sunnar. Fuðlalíf; einn sjáanlegur flórigoði og stökkandarkerling við hreiðurstæðið við N-bakkann.

26. apríl mið., skýað, súld f.h., bjart e.h., 10°C.

Ásta; þreif rusl kringum borð, grill og leiktæki í Smalaholti og Sandahlíð. Sópaði glerbrot úr fleiri bílrúðum á bílastæðinu við Maríuvelli. Fólk virðist geyma verðmæti á glámbekk í bílnum þrátt fyrir stórt viðvörunarskilti frá Sjóvá, þetta getur svo sem líka verið hrein og bein skemmdarverk. Veiðieftirlit; kl.17 fimm að veiða þar af faðir með tvær litlar dætur, allir þrír fullorðnir voru með kort.

3. maí mið., engar athugasemdir um veðrið.

Ásta; fór í Maríuhellana í dag. Hér var allt út í glerbrotum. Fólk hefur staðið uppi á brúninni og grýtt heilum gosflöskum ofan í gjánna. Giska á að um 40 flöskum hafi verið stútað. Það var hægt að telja þær, stúturinn með tappanum á helst nefnilega nokkuð heill. Líklega hefur verið innihald í flöskunum, ég geri ráð fyrir að fólk hafi verið að fagna afmæli eða e.ö. viðburði á þennann miður skemmtilega hátt. Fann líka fullt af moldarhrúgum, sprautum og nálum í kringum útkeyrsluna/bílastæðið við Elliðavatnsveg, þar sem maður beygir inn í Heiðmörk. Við nánari athugun sást að einhver stundar „stórstílaða“ kannabísrækt, keyrir með úrganginn upp í Heiðimörk og losa sig við hann þar. Sá enn fleiri hrúgur við hinar útkeyrslurnar/bílastæðin á veginum og heilu hlassi (kerru) hafði verið sturtað niður einn fláann og ofan í hraun. Lét Lindu vita. Veiðieftirlit; kl. 17 tveir að veiða + einn að yfirgefa svæðið þegar ég kom, allir þrír með veiðikort.

28. júní mið., rigning, 11°C.

Ásta; aðstoðar Gissur með almennt eftirlit og veiðivörslu í friðlandi Vífilsstaðavatns í sumar. Veiðieftirlit; kl. 18 einn að veiða (A-evrópu) með veiðikort, stóð úti í vatninu við skóginn á V-bakkanum. Hafði afskipti af manni með smáhund (chihuahua) í bandi. Hann sagðist ekkert kannast við hundabannið á varptíma og fannst svona litill hundur eins og hans, sem auk þess væri alltaf í bandi, ætti að fá undanþágu frá banninu. Ég útskýrði fyrir honum að ekki væri hægt að veita undanþágur, eitt yrði yfir allar hunda og hundategundir að ganga. Hann sagðist skilja það og lofaði að ganga út við næstu útgönguleið. Fuglalíf; sýndist tvær hvítklæddar verur vera að veiða innarlega við S-bakkann. Við nánari athugun reyndust þær vera álftapar. Mjög árasagjörn kría, á hreiðri, hefur komið sér fyrir við göngustíginn (nær vatninu megin stígsins) rétt norðan við skýlið.

3. júlí mán., þurrt, bjart, svalt, 11°C.

Ásta; lét Smára garðyrkjustjóra vita um húsbílanum tvo sem höfðu komið sér fyrir við vatnsveituhliðið (sjá 30. júní). Hann talar við Sigga Hafliða um hvort hengja eigi stórt „No Camping“ skilti á hliðið. Veiðieftirlit; kl. 20 einn að veiða með laxastöng við S-bakkann, sagðist bara vera að æfa sig. Brást reiður við þegar ég spurði um veiðikortið sem hann sagðist geyma úti í bíl. Gekk með honum að bílnum og fékk að sjá kortið sem var ómerkt. Bauð honum penna til að merka sér kortið með kennitölu. Hreytti þá út úr sér að hann gæti gert það seinna og strunsaði aftur til veiða...fúll á móti? Með reglulegu millibili sést hundaskítur á sjálfum göngustígnum og sitt hvoru megin við stíginn. Íslenska þjóðfánanum (=pappírsfáni festur á tannstöngul) hefur verið stungið í skítinn líklega í dag eða í gær því ekkert hefur ringt á fánana. Mjög sóðalegt og dapurt að sjá þesslags umgengni og einnig það að hundabannið virðist ekki ná til allra hundaeigenda.

6. júlí fim., skýað, súld á köflum annars þurrt, 13°C.

Ásta; veiðieftirlit; kl. 19 var komin rigning og orðið hvasst. Enginn að veiða. Hitti konu með smáhund (pekingese) fyrir utan vatnsveituhliðið. Hún varð bálreið (nötraði af reiði og öskraði á mig) þegar ég benti á að hundabannið gildi frá 15. apríl til 15. júlí. Á netinu hafði hún lesið að bannið gildi til 1. júlí og hún því í fullum rétti að labba með hundinn í friðlandinu. Hún bætti síðan við að „það væri okkar skömm að skiltunin væri misvísandi“. Og meinar þá, að heimasíða Garðabæjar auglýsir hundabann til 1. júlí meðan skiltunin við vatnið segir 15. júlí. Sagði svo „ég bý í Kópavogi og sækir því allar mínar upplýsingar áður á netinu en ekki þegar á staðinn er komið“. Konan var mjög æst og sagði ítrekað „þú ert nú bara algjör hunda hatari“ og „fólk bara hatar hunda“ og „þið viljið hvergi leyfa okkur að vera“. Það var ekki létt að ræða við hana svona reiða og hún vildi lítið sem ekkert hlusta. Læt Lindu vita af þessari uppákomu á morgun.

Athugasemdir; ég er mikill dýravinur og eru þá hvorki fuglar né hundar undanskildir. Finnst hins vegar alrangt að fólk komi með hunda sína, jafnvel úr öðru sveitarfélagi, til að viðra þá ýmist í taumi eða þá lausa í mikilvægu varplandi, hvað þá í yfirlýstu og skiltuðu fuglafriðlandi eins og friðland Vífilsstaðavatns er. Ef fuglavarp á að takast vel þurfa fuglar ró og næði yfir allan varp- og ungatímamann eða allt þar til ungarnir eru orðnir fleygir.

28. júlí fös., sól og blíða, 19°C.

Ásta; veiðieftirlit; kl. 17 drengur að veiða á bryggjunni þabbinn með kort. Þurfti að hafa afskipti af þremur mönnum (A-evrópu) um þrítugt sem voru að grilla á grasinu við borðið á S-bakkanum. Sá mikinn reyk stíga upp þegar ég stóð á bryggjunni og gekk því til þeirra. Þeir höfðu komið sér vel fyrir við borðið, kótilettur á grillinu, áfengi, bjór og gos á borðinu. Þeir skildu ekki íslensku þannig að við töluðum saman á ensku. Útskýrði fyrir þeim að það væri stranglega bannað að kveikja eld í friðlandinu og að sérstök grillstæði fyrir almenning væru merkt inn á kortin yfir svæðið. Þeir sögðust ekki hafa vitað...sögðust skilja skiltið við innganginn svoleiðis, að bannað væri að kveikja bál („bonfire“) en leyfilegt að grilla. Þeir spurðu hvort þeir mættu ekki klára að grilla kjötið, að það tæki bara 10 mínútur í viðbót. Horfði á þá og vissi ekki hverju átti að svara. Þá stóð einn þeirra upp tók kjötið af grillinu og rauk með plastglas niður að vatni, fyllti það og reyndi síðan að slökkva í kolunum. Það dugði ekki til þannig að tveir þeirra fóru aðra ferð. Það dugði heldur ekki svo nú opnuðu þeir 2 lítra kókflösku og skvettu yfir glóðin. Það slokknaði að lokum á grillinu, þeir tóku til eftir sig og við fylgdumst að bílastæðinu. Gaf þeim kort yfir svæðið og merkti inn þau tvö grill sem ég veit um (í Smalaholti og Sandahlíð) og sagði að bannað væri að kveikja á eigin grilli (geri ráð fyrir að það sé rétt hjá mér). Þeir voru auðvitað svektir en þó kurteisir. Sá bílinn þeirra hverfa í átt að Heiðmörk/Hafnarfjörð. Fuglalíf: flórgoðinn liggur enn í hreiðri. Kollan sýnist mun ljósari á lit miðað við áður, hún virkar nánast upplituð og með bauga, er örugglega orðin mjög þreytt.

10. ágúst fim., sól og blíða, 14°C. Ásta; veiðieftirlit; kl. 19.30 enginn að veiða. Fuglalíf: flórgoðaungarnir eru þrír. Sá þrjá unga greinilega með kíkirknum þegar báðir foreldrarnir fóru í vatnið. Þegar einn unganna teigði úr sér sást að hann var ansi belgmikill og ekki alveg eins lítill/ungur og mér hafði sýnst í gær. Þegar þeir eru í afslöppun eru þeir þó mjög litlir og alþaktir dún. Álfþaparið með ungana þrjá syntu í ca. 10 metra fjarlægð frá hreiðurstæðinu.

15. ágúst þri., skýað, birti til e.h. 13°C.

Ásta; kl. 17.45 veiðieftirlit; sá frá N-bakkanum að einn var að veiða við S-bakkann. Gafst ekki tími til að skoða veiðikort í kvöld. Fuglalíf: flórgoðaungarnir þrír eru horfnir úr hreiðrinu. Kollan hélt til í vatninu við hreiðurstæðið, hún kallaði aumkunnarlega en fékk engin svör. Þabbinn kemur ítrekað með síli en þar sem engir ungar eru til að taka við þeim gleypir hann þau sjálfur. Fylgdist með þessari hegðun parsins til kl. 19 og varð döpur í hjarta. Með mér á N-bakkanum stóðu einnig fuglaskoðarinn Elín og fuglaljósmyndari (nafn?). Um morgunin 12. ágúst hafði ljósmyndarinn séð tvo unga á baki kollunar í hreiðrinu og einn unga sem dólaði í vatninu þétt upp við hreiðurstæðið. Þessi sýn líktist minni fösudagskvöldið 11. ágúst. Okkur ljósmyndanum sýnist báðum hreiðrið vera eitthvað laskað, en ég verð að sjá fyrri ljósmyndir til að vera viss.

Meðan á þessu stóð þurfti að hafa afskipti af föður, sem um það bil var að sjósetja 2 kajaka þarna rétt hjá okkur á hægri hönd. Hann og börnin (stelpa + strákur ca. 7-9 ára) voru að hafa sig til í lítilli laut á bakkanum og því sá ég þau ekki fyrr en börnin voru komin í öll fötin og björgunarvestið. Þabbinn var aldeilist ekki ánægður. Sagðist hafa verið hér á kajak í gær. Hafði búið í Garðabæ í 37 ár og aldrei heyrt að bannað sé að sigla á vatninu. Vildi nú fá undanþágu frá bátabanninu þar sem börnin voru komnir í fötin og ekki vildi hann valda þeim vonbrigðum. Hann fékk að sjálfsögðu enga undanþágu.

Ástæður fyrir hvarfi unganna gæti því verið; mannaferðir í og við vatnið, lausir hundar við eða í vatninu, fuglar td. máfar, fiskur, minkur?, kuldi og vosbúð en það var grenjandi rigning og hvasst hluta úr deginum í gær (veðurlýsing fyrir 14 júlí; skýað, ærlegur vindur, rigning, dembur á köflum, 11°C).


16. ágúst mið., léttskýað, 14°C.

Ásta; kl. 18 fór með Lindu í vettvangskönnun við Vífilsstaðavatn, með áherslu á NA-N-NV enda vatnsins. Enginn flórgoði sýnilegur á vatninu (notaði kíkí). Hreiður flórgoðans var tómt, tætingslegt og hálfpartinn sokkið, það virkaði yfirgefið. Nokkrar duggendur með unga við N-bakkann og einnig gæsapar með unga, en þau voru hér líka í gær. N-bakkinn er niðurtraðkaður svo augljóslega virka „Gefum fuglunum grið“ skiltin ekki sem skildi. Við sáum engin ummerki eftir mink við og í kringum bakkann. Vorum reyndar ekki vissar um eftir hverju á að kíkja. Kl. 19.20 (vorum sestar inn í bíl og rétt ófarnar) sáum við flórgoðann mæta við hreiðurstæðið, nokkrum sekúndum síðar kom makinn. Gengum aftur niður á stíginn og fylgdumst með parinu. Annar fuglinn fór upp í hreiðrið og reyndi að laga það, var með gróður í gogginum. Hann fór fljótlega aftur út í vatnið. Þau snyrtu sig í nokkrar mínútur og syntu eða köfuðu svo út á mitt vatn. Við yfirgáfum svæðið enda nú farið að rigna kröftulega. Parið hefur hugsanlega verið á öðru vatni (Urriðavatni?) þegar við komum. Það var allavega ekki sýnilegt á vatninu. Mun fylgjast með framvindunni við hreiðrið næstu daga. Niðurstaða vettvangsferðarinnar var þessi: 1. Ungarnir eru horfnir úr hreiðrinu. 2. Hreiðrið er skemmt og hálfpartinn sokkið. 3. Foreldraparið heldur til annarsstaðar, jafnvel á öðru vatni, en virðist þó heimsækja hreiðurstæðið ennþá af og til.

5. september skýað, létti til, súld eða rigning seinnipartinn, 14°C.

Ásta; kl. 18 veiðieftirlit; enginn að veiða. Hafði enn og aftur afskipti af Þjakk og eigenda hans sem lætur ekki segjast (sjá 23. ágúst). Karlinn lætur hundinn alltaf valsa um lausan og geymir ólina út í bíl. Við stóðum hjá brúnni, ræddum boð og bönn þegar hann segir við mig „þú hefur nú bara gott af að vera pirruð og reið“. En allt í einu heyrðust mikil óp og köll uppi við skýlið, þangað var Þjakkur nú kominn og hræddi líftórana úr eldir hjónum sem þar voru í göngu. Konan öskraði og grátbáð okkur um að kalla hundinn til okkar og setja á hann taum. En eigandanum sjálfum fannst „engin ástæða til að láta svona við Þjakk því hann geri ekki flugu mein“. Engin spurning, þetta er góður hundur en hann á samt ekki að hlaupa um laus. Eigandinn rölti hægt og rólega í átt að Þjakk og var sannarlega ekki að flýta sér, mjög sérstakur þessi karl. Ég sá þá röltu saman í átt að V-bílastæðinu og sá þá ekki meira þetta kvöld. Fuqlalíf; sá gæs við brúnna sem var blind á hægra auga. Sjálft augað var mjólkurhvítt að lit og þakið grefti. Hún virtist pirruð í auganu og klóraði sig öðru hvoru með fætinum. Gæsin virtist óhrædd, synti nálægt mér og át vatnagróður. Tók myndir af henni. Þetta er ekki vængbrotna gæsin sem ég sá í gær. Leitaði að henni meðfram öllum S-bakkanum og notaði kíkinn til að skima út á vatnið. Nýtti ferðina meðfram bakkanum og týndi stærra rusl í leiðinni. Fór svo á N-bakkann en gæsin var heldur ekki þar. Frá S-bakkanum sá ég gráa flórgoðann langt úti á vatni, tók mynd en hún er óskýr.

Yfirlitskort - friðlýst svæði í Garðabæ



Kortið sýnir friðlýst svæði í Garðabæ og tillögur að friðlýsingarsvæðum. Kortið er aðgengilegt á vef Garðabæjar undir: *umhverfi – umhverfismál - Friðlýsingar í Garðabæ.*